

Athugasemdir vegna: Tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Rammaáætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

31. Urriðafossvirkjun.

Skyldi íslenska þjóðin einhvern tíma hafa þakkað fyrir þá miklu orku sem Þjórsá hefur gefið okkur undanfarin ár til rafmagnsframleiðslu, orku sem hefur fært fjöldamörgum framleiðslufyrirtækjum til að geta skapað störf og gjaldeyri fyrir þjóðarbúið. Ekki skulum við gleyma þeirri orku sem þetta mikla fljót, runnin ofan úr reginöræfum jökla og eyðisanda, hefur gefið til að lýsa upp heimili landsmanna.

Er Búrfellsvirkjun sleppir, rennur Þjórsá framhjá hinum fornfræga Þjórsárdal, gegnum blómleg landbúnaðarhéruð til sjávar. Í neðri hluta Þjórsá er ætlun Landsvirkjunar að reisa þrjár virkjanir til að nýta fallið í ánni. Efsta virkunin er nefnd Hvammsvirkjun, síðan kemur Holtavirkjun og neðsta virkjunin er nefnd Urriðafossvirkjun.

Virkjun við Urriðafoss verður 130 MW að afli og orkugeta virkjunarinnar verður um 980 GWst/ári. Inntakslón virkjunarinnar, Heiðarlón, verður myndað með stíflu í Þjórsá við Heiðartanga og stíflugörðum upp eftir vesturbakka árinna. Inntaksmannvirki verða í Heiðartanga og stöðvarhús neðanjarðar nærri Þjórsártúni. Frá stöðvarhúsinu munu liggja frárennslisgöng sem opnast út í Þjórsá nokkru neðan við Urriðafoss. Eyðileggingar sem þessar framkvæmdir valda eru margþættar. Stór og gróin landsvæði fara undir vatn og fiskigengd mun stórraskast.

Lón við Urriðafossvirkjun verður 12,5km² og meðfram því verður stíflugarður um 4,5km öðrum megin við ána. Farvegur árinna verður breikkaður á 3km kafla ofan lóns. Hér er um að ræða stórkostlega eyðileggingar á Þjórsá. Hluti Þjórsá verður nær vatnslaus þar sem ánni verður beint í göng. Meðalrennslisfer úr 325m³/s og allt niður í 10-15m³/s. Áin mun bókstaflega hverfa. Áin hefur að geyma fallega fossa, eins og Búðafoss, sem mun hverfa og Urriðafoss sem er nú aflmesti foss landsins og mikið aðdráttarafl ferðamanna.

Nei, nú skal haldið áfram og blóðmjólka ána, allt til ósa hennar, í stað þess að hlúa að henni og nánasta umhverfi. Þessi virkjunaráform í neðri hluta Þjórsá, veldur óafturkræfum umhverfisspjöllum. Orkustefna ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar er ekki til fyrirmyndar og mun að mínum dómi, verða til háðungar seinna meir, sem dæmi um skammsýni. Nær væri að huga að sjávarfallavirkjunum umhverfis landið. Þá væri betur hægt að hlífa ám okkar og fljótum.

Undirritaður mótmælir þessum áformum Landsvirkjunar og flokkun í Rammaáætlun, sem er Urriðafossvirkjun í Þjórsá og krefst þess að hún verði færð úr orkunýtingarflokk í verndarflokk.

Grundarfirði 10. Nóvember 2011.

Gunnar Njálsson